

Frávik frá skólareglum:

Mikilvægt er að starfsmenn, foreldri og nemendur séu meðvituð um æskilega hegðun og viðbrögð við hegðunarfrávikum. Hegðunarfrávikum er skipt upp í tvö stig eftir alvarleika. Flestum málum lýkur yfirleitt með leiðsögn og ábendingu, það á við um öll mál sem flokkast undir fyrsta stigs hegðunarfrávik.

1. stigs hegðunarfrávik

Hegðunarfrávik þar sem ætla má að tilfinningaviðbrögð, sinnu- og skeytingarleysi ráði för og því ástæða til að leiðbeina barni um hegðun. Dæmi:

- Fylgir ekki fyrirmælum.
- Ögrun, þras, endurtekin rifrildi, hávaði sem truflar athafnir og vinnu annarra.
- Særandi eða niðrandi orðbragð.
- Hrindingar og ögrandi snertingar.
- Óstundvísi og of sein mæting í tíma.
- Símanotkun og notkun annara tækja með óleyfilegum hætti.

Viðbrögð og eftirfylgni 1. stigs frávik

Nemandi er tekinn afsíðis frá hópnum og rætt er við hann. Grennslast fyrir um málsatvik. Nemandi er leiðbeint og lögð áhersla á að hann skilji hvaða reglu hann braut og viti hvernig hann á að bregðast við næst. Lögð er áhersla á að kennari/starfsmaður hrósi nemanda fyrir samvinnu. Ef nemandi sýnir ítrekað fyrsta stigs hegðunarfrávik samsvarar það 2. stigs hegðunarfrávik og skal framfylgt samkvæmt því.

2. stigs hegðunarfrávik

Hegðunarfrávik þar sem ætla má að illgirni, mikil vanstilling og/eða vanvirðing ráði athöfnum og/eða orðum nemenda, atferli sem veldur öðrum vanlíðan. Dæmi:

- Endurtekin stríðni, vanvirðing og eða hrekkir.
- Stympingar og áflog.
- Óhlýðni og móttprói við að fylgja fyrirmælum.
- Skróp í tíma.
- Endurtekin notkun síma og annara tækja með óleyfilegum hætti.
- Skemmdir eða hnupl á eigum skólans eða annarra.

Viðbrögð og eftirfylgni 2. stigs frávik

Kennari hefur samband við foreldri/a eða forráðafólk. Kennari skráir atvikið. Daginn eftir gera foreldrar grein fyrir því hvaða niðurstöður samtali þeirra og nemenda skilaði með símtali eða tölvupósti. Ef kennari telur þörf á eru foreldri ásamt barni boðuð í samtali.

Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni eftir 2. stigs frávik

Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni enda þá orðin alvarleg truflun á skólastarfi þá kallar bekkjarkennari námsráðgjafa, foreldri/a og barn á fund þar sem unnin er fram umbótaáætlun. Bekkjarkennarar, námsráðgjafi og foreldri/ar vinna fram umbótaáætlun fyrir börn fram að 7. bekk. Nemandinn er síðan kallaður á fund þar sem farið er yfir umbótaáætlunina. Nemendur frá 7.- 10. bekk koma að gerð eigin umbótaáætlunarinnar.